

Bláskógabyggð
Aratunga
801 SELFOSS

Garðabær, 10. nóvember 2023
Málsnúmer: 202310-0040
BK

Efni: Útey 1 – Vinnslutillaga vegna breytingar á aðalskipulagi

Við er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 20. október 2023, þar sem Bláskógabyggð óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu á vinnslustigi vegna breytingar á aðalskipulagi fyrir Útey 1 vegna stækkunar frístundasvæða F32 og F37 og uppbyggingar á verslun og þjónustu.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn þann 20. júlí 2023 um skipulagslýsingu sama efnis og hefur einnig veitt umsögnir um önnur skipulagsáform á sömu slóðum og ítrekað bent á verndargildi Laugarvatns og Apavatns og aðliggjandi votlendissvæða, sér í lagi fyrir auðugt fuglalíf en einnig votlendisvistgerðir af ýmsum toga

Þau áform sem hér um ræðir er stækkun frístundabyggðar F32 suðurs og vesturs um 33,3 ha og stækkun F37 til norðurs um 15,4 ha. Felld eru út tvö efnistökusvæði allt að 4 ha að stærð, Frístundabyggð F33 (5 ha) við Laugarvatn er einnig felld út og í staðinn er komið 14,8 ha svæði fyrir verslun og þjónustu, VP48, þar sem stefnt er að uppbyggingu hótels á tveimur hæðum með allt að 80 herbergjum, baðaðstöðu auk gistingar í gestahúsum. Þá er fyrirhugað annað þjónustusvæði, VP49, við Laugarvatnsveg þar sem gert er ráð fyrir ýmis konar atvinnuuppbyggingu, s.s. verslun, safn, gróðurækt og er stærð svæðisins 9,3 ha.

Þessar breytingar fela því í sér talsverða stækkun frá gildandi skipulagi og tekur Náttúrufræðistofnun ekki undir þá niðurstöðu að áhrif skipulagsins á gróður og dýr séu óveruleg. Auk rasks á verðmætum vistgerðum og búsvæðum vaðfugla getur uppbyggingu þjónustusvæðis VP48 við Laugarvatn fylgt umtalsverð truflun og mögulegt rask á varpsvæðum vatnafugla. Í því sambandi skal bent á að 50 m mörk á milli mannvirkja og vatns eru ófullnægjandi til að tryggja viðunandi fuglavernd og ættu mörkin að vera a.m.k. 100 m.

Ítrekað skal mikilvægi þess að meta samlegðaráhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þessum slóðum og þess gætt að ekki sé farið gegn markmiðum landskipulagsstefnu þar sem segir að ekki skuli gengið að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til náttúruverndar.

Náttúrufræðistofnun vill að lokum hvetja sveitarfélagið til að beita sér fyrir því að vernda sem mest af þeim heillegu svæðum sem eftir eru við Apavatn.



Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

